

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Akureyrarbæjar
Ársreikningur 2008**

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
Strandgötu 3
600 Akureyri

kt. 510169-3799

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Áritun tryggingastærðfræðings	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Reikningskilaaðferðir	8
Skýringar	9-12
Kennitölur	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingssjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 191 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Iðgjöld námu samtals 187,6 millj. króna og hækkuð um 6,2% frá fyrra ári þegar tekið er tillit til aukaframlags Akureyrarbæjar á árinu 2007 vegna sölu á Landsvirkjun

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 308,9 milljónum króna og hækkuðu um 12,4% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþegar var 345 og hefur þeim fjölgað um 23 frá fyrra ári.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 6.721,3 milljónum króna og hækkaði um 13,5% frá fyrra ári.

Árið 2008 var óvenjulegt og atburðarríkt bæði í innlendu og erlendu fjármálaumhverfi. Fjármálakreppan sem hófst á árinu 2007 dýpkaði og náði hámarki hér á landi við hrun stóru viðskiptabankanna þriggja.

Sjóðurinn hefur um árabíl rekið afar varfærna stefnu í fjárfestingum og t.a.m. seldi sjóðurinn frá sér öll innlend hlutabréf áður en hrunið varð. Sjóðurinn á þó markaðsskuldabréf og vegna þeirrar óvissu sem ríkir um verðmæti þeirra hefur verið lagt mat á verðmæti þessara eigna og reynt að hafa varúðarsjónarmið að leiðarljósi við matið.

Sjóðurinn gerði afleiðusamninga við banka fyrst og fremst til að verja erlendar eignir sjóðsins. Óvissa ríkir um uppgjör á þessum samningum en bankarnir urðu við fallið ófærir um að sinna þeirri þjónustu sem þeir voru samningsbundir til að gera samkvæmt samningum við sjóðinn. Vegna falls bankanna var tap á samingunum og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að gera upp þessa samninga miðað við gengisvísitölu fyrir hrunið en því boði hefur ekki verið sinnt. Í uppgjörinu er staða samninga færð miðað við það tilboð.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 15,71% og hrein raunávöxtun var neikvæð um 0,56% samanborið við 10,12% nafnávöxtun og 4,02% raunávöxtun á árinu 2007. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 6,15% og 4,93% s.l. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2008. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 11.048,7 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors kr. 7.333,3 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 3.715,4 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 66,4% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 4.881,8 milljónir króna eða sem nemur 37,9% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 724,4 milljónir króna á árinu.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með áritun sinni.

Akureyri, 23. mars 2009

Stjórn:


Arna Jakóbína Björnsdóttir


Sigrún Björk Jakobsdóttir
Stjórnarformaður


Hermann Jón Tómasson


Oddur Helgi Halldórsson


Hanna Rósa Sveinsdóttir


Kári Arnór Kárason
Framkvæmdastjóri

Aritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 23. mars 2009

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.



Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjarí árslok 2008. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur áráanna 2001-2005 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.


Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 12.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2008. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætlun framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2008. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.

Reykjavík 23. mars 2009



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2008

	Skýringar	2008	2007
Iðgjöld	1		
Sjóðfélagar		20.422.763	21.653.314
Launagreiðendur		168.779.661	3.400.964.961
Réttindaflutningar og endurgreiðslur		(1.572.117)	(3.705.954)
		<u>187.630.307</u>	<u>3.418.912.321</u>
Lífeyrir	2		
Lífeyrir		308.904.644	274.933.607
		<u>308.904.644</u>	<u>274.933.607</u>
Fjárfestingartekjur	3		
Tekjur af eignarhlutum		(5.781.805)	(28.659.294)
Vaxtatekjur og gengismunur		1.124.046.172	443.946.935
Gjaldfærð niðurfærsla skuldabréfa		(178.443.331)	(240.812)
		<u>939.821.036</u>	<u>415.046.829</u>
Fjárfestingagjöld	4		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		4.839.703	4.275.338
Rekstrarkostnaður	5		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		14.199.312	11.170.171
Hækkun á hreinni eign á árinu		799.507.684	3.543.580.034
Hrein eign frá fyrra ári		<u>5.921.817.563</u>	<u>2.378.237.531</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>6.721.325.247</u></u>	<u><u>5.921.817.565</u></u>

Efnahagsreikningur 31.12.2008

Eignir	Skýringar	2008	2007
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	79.964.427	1.432.608.911
Verðbréf með föstum tekjum	7	5.621.289.041	4.358.033.272
Veðlán.....	7	56.339.627	56.354.971
Niðurfærsla skuldabréfaeignar	7	(186.548.150)	(8.104.819)
Fjárfestingar		<u>5.571.044.945</u>	<u>5.838.892.335</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		24.862.961	22.164.922
Kröfur		<u>24.862.961</u>	<u>22.164.922</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		1.308.871.694	74.328.441
Eignir samtals		<u>6.904.779.600</u>	<u>5.935.385.698</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir.....		182.769.428	0
Aðrar skuldir	8	684.925	13.568.133
Skuldir		<u>183.454.353</u>	<u>13.568.133</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u><u>6.721.325.247</u></u>	<u><u>5.921.817.565</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2008

	Skýringar	2008	2007
Inngreiðslur			
Iðgjöld		187.630.307	3.418.948.124
Fjárfestingatekjur		477.224.252	184.123.451
Afborganir verðbréfa		135.198.729	127.146.397
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		2.688.371.897	1.392.666.994
Seld bréf með föstum tekjum		18.999.584	0
Aðrar inngreiðslur		167.188.181	0
		<u>3.674.612.950</u>	<u>5.122.884.966</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		308.904.644	274.933.607
Fjárfestingargjöld		4.839.703	4.275.338
Rekstrarkostnaður		14.199.312	11.170.171
		<u>327.943.659</u>	<u>290.379.116</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		3.346.669.291	4.832.505.850
Kaup á verðbréfum			
	11		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		1.421.596.867	1.814.168.653
Keypt verðbréf með föstum tekjum		686.529.171	2.943.481.120
Ný veðlán og útlán		4.000.000	1.600.000
Verðbréfakaup samtals		<u>2.112.126.038</u>	<u>4.759.249.773</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum á árinu		1.234.543.253	73.256.077
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>74.328.441</u>	<u>1.072.364</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>1.308.871.694</u>	<u>74.328.441</u>

Reikningsskilaaðferðir

Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Verðbréfaeign, verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2009. Eignarhlutir í verðbréfasjóðum eru eignfærðir á markaðsverði.

Skuldabréf eru eignfærð í lok ársins miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram.

Skýringar

1. Iðgjöld

	2008	2007
Iðgjöld sjóðfélagar	20.422.763	21.653.314
Iðgjöld, launagreiðendur	42.026.524	43.579.493
Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur	126.753.137	3.357.385.468
Iðgjöld ársins	<u>189.202.424</u>	<u>3.422.618.275</u>
Réttindaflutningur frá sjóðnum	(1.572.117)	(3.705.954)
Iðgjöld ársins	<u>187.630.307</u>	<u>3.418.912.321</u>

2. Lífeyrir

	2008	2007
Ellilífeyrir	239.007.254	207.067.446
Örorkulífeyrir	15.094.753	16.169.525
Makalífeyrir	54.437.034	51.133.222
Barnalífeyrir	365.603	563.414
Lífeyrisútgjöld ársins	<u>308.904.644</u>	<u>274.933.607</u>

3. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum:		
Tekjur af innlendum hlutabréfum	(5.781.805)	(28.659.294)
Vaxtatekjur og gengismunur:		
Tekjur af innlendum hlutabréfasjóðum	(55.548.348)	(53.425.295)
Tekjur af erlendum hlutabréfasjóðum	34.339.966	137.082
Tekjur af skuldabréfasjóðum	20.369	5.857.695
Tekjur af peningamarkaðssjóðum	(32.253.678)	28.042.404
Tekjur af markaðsbréfum	964.762.115	446.166.735
Tekjur af veðskuldabréfum	11.682.751	6.493.300
Tekjur af öðrum útlánnum	(26.550.276)	9.537.219
Tekjur af bankainnistæðum	387.990.181	1.137.795
Tap af gengisvörnum	(160.396.907)	
Vaxtatekjur og gengismunur samtals.....	1.124.046.172	443.946.935
Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar	(178.443.331)	(240.812)
Fjárfestingartekjur samtals	<u>939.821.036</u>	<u>415.046.829</u>

4. Fjárfestingargjöld

	2008	2007
Hlutdeild í rekstrarþóknun.....	4.839.703	4.275.338
	<u>4.839.703</u>	<u>4.275.338</u>

Skýringar

5. Rekstrarkostnaður:	2008	2007
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	457.030	472.124
Rekstrarþóknun	14.519.109	12.955.570
Annar rekstrarkostnaður	4.062.876	2.017.815
	<u>19.039.015</u>	<u>15.445.509</u>
Fært á fjárfestingargjöld	(4.839.703)	(4.275.338)
	<u>14.199.312</u>	<u>11.170.171</u>

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Innlend verðbréfaeign:

Hlutabréf.....	0	151.111.310
Hlutabréfasjóðir.....	0	292.338.851
Peningamarkaðssjóðir.....	79.964.427	173.051.610
	<u>79.964.427</u>	<u>616.501.771</u>

Erlendir hlutabréfa og skuldabréfasjóðir:

Erlendir hlutabréfsjóðir	0	603.205.048
Erlendir skuldabréfasjóðir	0	212.902.091
	<u>0</u>	<u>816.107.139</u>

Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	79.964.427	1.432.608.910
---	------------	---------------

7. Verðbréf með föstum tekjum

Markaðsbréf:

Ríkisbréf	3.965.916.413	3.549.377.923
Önnur innlend markaðsskuldabréf	1.595.931.470	752.709.195
Erlend skuldabréf	59.441.159	55.946.154
	<u>5.621.289.042</u>	<u>4.358.033.272</u>

Veðskuldabréf:

Veðskuldabréf sjóðfélaga	56.339.624	56.354.971
Niðurfærsla skuldabréfaeignar	(186.548.150)	(8.104.819)
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>5.491.080.516</u>	<u>4.406.283.424</u>

8. Skuldir

Aðrar skammtímaskuldir:

Ógreiddur kostnaður	684.925	13.568.133
	<u>684.925</u>	<u>13.568.133</u>

9. Gjaldmiðlaáhætta og afleiðusamningar

Sjóðurinn var með gjaldeyrissamninga við gömlu viðskiptabankana sem nú eru fallnir. Tilgangur samninganna var að verja erlendar eignir sjóðsins fyrir gengissveiflum. Samningar þessir voru í samræmi við samkomulag við viðkomandi banka um að stýra gjaldeyrsvörnum fyrir sjóðinn. Við fall bankanna brustu forsendur fyrir þessum samningum. Á þeim tíma var staða samninganna neikvæð um 182,7 milljónir króna og er sú tala færð í ársreikninginn.

Byggir þetta á þeirri afstöðu að allir samningarnir hafi fallið í gjalddaga við fall bankanna.

Sjóðurinn hefur boðið bönkunum að gera upp þessa samninga miðað við þessar forsendur, en því hefur ekki verið sinnt þrátt fyrir að veruleg lagaleg óvissa ríki um það hvort sjóðnum beri að gera upp þessa samninga. Náist ekki samkomulag um þetta efni er líklegt að það komi fyrir íslenska dómstóla til úrskurðar. Verði niðurstaðan sú að sjóðurinn þurfi að gera samningana upp að fullu má búast við að staða sjóðsins versni um ríflega 30 milljónir króna.

Skýringar

10. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra eða stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Sjóðurinn hefur ekki tekist á hendur neinar fjárskuldbindingar aðrar en greint er frá í skýringu 12.

Greiðslur til stjórnarmanna voru sem hér segir:

Arna Jakobína Björnsdóttir	65.000
Hanna Rósa Sveinsdóttir	65.000
Hermann Jón Tómasson	65.000
Oddur Helgi Halldórsson	65.000
Sigrún Björk Jakobsdóttir	130.000
Sigrún Stefánsdóttir	13.000

Greiðslur til endurskoðanda á árinu 2008 voru kr. 654.264

Greiðslur til tryggingafræðings á árinu 2008 voru kr. 539.081

Greiðslur til Fjármálaeftirlistins á árinu 2008 voru kr. 1.206.000

Skýringar

11. Ráðstöfun

Kaup og sala verðbréfa á árinu greinist þannig:

Bréfaflokkur:	Kaup	Sala	Ráðstöfun
Innlend hlutabréf	0	(132.676.199)	(132.676.199)
Innlend hlutdeildarskírteini, skuldabréfasjóðir	251.592	(186.603.406)	(186.351.814)
Innlend hlutdeildarskírteini, peningam. sjóðir	1.346.339.661	(1.407.173.165)	(60.833.504)
Erlend hlutdeildarskírteini, hlutabréfasjóðir	75.005.614	(961.919.127)	(886.913.513)
Samtals verðbréf með breytilegum tekjum	1.421.596.867	(2.688.371.897)	(1.266.775.030)
Ríkisbréf	0	(350.096)	(350.096)
Markaðsskuldabréf	686.529.171	(18.649.488)	667.879.683
Veðskuldabréf	4.000.000	0	4.000.000
Samtals verðbréf með föstum tekjum	690.529.171	(18.999.584)	671.529.587
Ráðstöfun í verðbréfa kaup, samtals	2.112.126.038	(2.707.371.481)	(595.245.443)

12. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2008 námu áfallnar skuldbindingar 3.715,4 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 4.881,8 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir. Matíð var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2,0% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkningar sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur versnað um 724,4 milljónir króna á árinu.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærrí en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra geta staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir (í millj. króna):

Eignir:	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	6.721,3	0,0	6.721,3
Núvirði verðbréfa	682,2	0,0	682,2
Fjárfestingarkostnaður	(70,2)	0,0	(70,2)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	651,0	651,0
Eignir samtals	7.333,3	651,0	7.984,3
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	8.344,6	1.423,6	9.768,2
Örorkulífeyrir	384,4	70,3	454,7
Makalífeyrir	2.144,9	281,4	2.426,3
Barnalífeyrir	4,5	4,1	8,6
Rekstrarkostnaður	170,3	38,0	208,3
Skuldbindingar samtals	11.048,7	1.817,4	12.866,1
	(3.715,4)	(1.166,4)	(4.881,8)
Eignir sem hlutfall af skuldbindingum	66,4%	35,8%	62,1%
Hrein eign umfram skuldbindingar	-33,6%	-64,2%	-37,9%
Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2008	(3.022,0)	(1.135,4)	(4.157,4)
Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2008	(3.715,4)	(1.166,4)	(4.881,8)
Breyting á árinu	(693,4)	(31,0)	(724,4)

Kennitölur

Skýring:	2008	2007	2006	2005	2004
Nafnávöxtun	15,71%	10,12%	14,51%	14,60%	14,93%
Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal	13,96%	13,09%	10,89%	9,74%	8,36%
Raunávöxtun 1	-0,56%	4,02%	7,06%	10,04%	10,61%
Raunávöxtun - 5 ára meðaltal	6,15%	8,00%	6,70%	5,26%	3,94%
Raunávöxtun - 10 ára meðaltal	4,93%	6,24%	6,48%	5,76%	5,44%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum 2	0,22%	0,27%	0,15%	0,22%	0,35%
Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum 2	0,08%	0,10%	0,05%	0,04%	0,10%
Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum 2	0,30%	0,37%	0,20%	0,26%	0,45%
Samsetning fjárfestinga: 3					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum ...	1%	25%	44%	39%	48%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	66%	63%	26%	28%	43%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	13%	12%	28%	30%	2%
Veðlán	1%	1%	3%	3%	8%
Innlán	19%	0%	0%	0%	0%
Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: 4					
Eignir í íslenskum krónum	99%	85%	82%	85%	82%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	1%	15%	18%	15%	18%
Hlutfallsleg skipting lífeyris: 5					
Ellilífeyrir	77,4%	75,3%	74,8%	73,2%	71,4%
Örorkulífeyrir	4,9%	5,9%	6,5%	6,8%	7,2%
Makalífeyrir	17,6%	18,6%	18,4%	19,5%	20,8%
Barnalífeyrir	0,1%	0,2%	0,3%	0,4%	0,5%
Lífeyrisbyrði 6	165%	156%	146%	145%	138%
Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu	8	8	6	6	4
Virkir sjóðfélagar 7	171	185	203	216	252
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga 8	191	202	219	241	258
Fjöldi lífeyrisþega í lok tímabils	345	322	302	284	281
Hækkun iðgjalda frá fyrra ári	6,2%	12,3%	10,8%	8,0%	2,7%
Hækkun lífeyrisútgjalda	12,4%	19,6%	11,9%	13,5%	6,0%
Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris	13,5%	149,0%	10,9%	64,2%	10,4%
Hækkun á áföllnum lífeyriskuldbindingum	16%	-58%	15%	-7%	11%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar 9	-38%	-36%	-69%	-67%	-77%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar 10	-34%	-31%	-70%	-69%	-81%
Starfsmannafjöldi	0	0	0	0	0
Hækkun vísitölu neysluverðs	16,36%	5,86%	6,95%	4,14%	3,91%
Ávöxtun einstakra eignaflokka:					
<i>Nafnávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf	-49,1%	-18,2%	12,1%	66,2%	55,7%
Erlend hlutabréf	7,1%	0,3%	35,4%	13,6%	-1,3%
Ríkisstryggð skuldabréf	21,2%	10,7%	11,4%	8,3%	15,1%
Önnur innlend skuldabréf	6,8%	12,1%	12,7%	18,8%	9,1%
Erlend skuldabréf	-2,5%	4,5%	12,5%	6,8%	-20,7%
Skammtíabréf	1,7%	14,1%	12,1%	9,3%	5,9%
<i>Raunávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf	-56,3%	-22,7%	4,8%	59,6%	49,8%
Erlend hlutabréf	-8,0%	-5,3%	26,6%	9,1%	-5,0%
Ríkisstryggð skuldabréf	4,2%	4,6%	4,1%	4,0%	10,8%
Önnur innlend skuldabréf	-8,3%	5,9%	5,4%	14,1%	5,0%
Erlend skuldabréf	-16,2%	-1,3%	5,2%	2,5%	-23,7%
Skammtíabréf	-12,6%	7,8%	4,8%	4,9%	1,9%

e.t. = kennitala ekki tiltæk

Skýringar:

1. Raunánvöxtun á meðaltali hreinnar eignar miðað við vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum.
7. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga í hverjum mánuði ársins.
8. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
9. Heildareignir sjóðsins (eign í árslok + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
10. Eignir í árslok í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar í árslok skv. tryggingafræðilegri úttekt.
11. Hækkun iðgjalda án aukaframlaga